

Umhverfis og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
Reykjavík

Sent rafrænt á nefndasvið@althingi.is

Hvammstanga, 7. nóvember 2018

Varðar: Bókun stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) um bréf Samgöngufélagsins.

Stjórn SSNV barst bréf frá Samgöngufélaginu dags. 23. október, undirritað af Jónasi Guðmundssyni. Í bréfinu er tilkynnt um umsögn félagsins um tillögu til þingsályktunar að samgönguáætlun 2019-2033 sem send var Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis. Í umsögn sinni óskar félagið eftir að gert verði ráð fyrir gerð vega um svonefnda Húnavallaleið í Austur-Húnavatnssýslu og Vindheimaleið í Skagafirði á tímabili samgönguáætlunarinnar.


Á 38. fundi stjórnar SSNV þann 6. nóvember 2018 var eftirfarandi fært til bókar við 8. lið.

Bréf frá Samgöngufélaginu.

Lagt fram bréf frá Samgöngufélaginu um tillögur þeirra um breytingar á vegstæðum Þjóðveggar 1 í landshlutanum. Stjórn SSNV leggst alfarið gegn þeim áformum sem þar koma fram og leggur áherslu á að inn í samgönguáætlun rati þau verkefni sem heimamenn hafa bent á að nauðsynleg séu í landshlutanum. Má þar fyrst nefna framkvæmdir við Skagastrandarveg sem hafa verið á dagskrá um árabíl og eru fyrir löngu orðnar nauðsynlegar sem og brýnar framkvæmdir við stofn- og tengivegi sem munu reynast kostnaðarsamar.

Þessi afgreiðsla stjórnar SSNV tilkynnist hér með.

Fyrir hönd stjórnar SSNV,



Unnur Valborg Hilmarsson
framkvæmdastjóri

Afrit sent Bergþóri Ólasyni formanni Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, Jóni Gunnarssyni, 1. varaformanni og Ara Trausta Guðmundssyni, 2. varaformanni.